

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2000

Nr. 747

2114

18. október 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Villingaholtsskóla og Þjórsárver í Villingaholtshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Villingaholtshrepps þann 30. september 2000 samþykkt deiliskipulag við Villingaholtsskóla og Þjórsárver.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af aðalsveitaveginum (nr. 305) til austurs og með girðingum í hinar áttir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mjósyndi, 18. október 2000.

F.h. hreppsnefndar,

Bjarki Reynisson.

Nr. 748

19. október 2000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Sörla v/Sörlaskeiðs 11, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 17. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi á athafnasvæði Sörla v/Sörlaskeiðs 11, Hafnarfirði.

Breytingin var í auglýsingu 25. ágúst - 6. október sl. samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. október 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdis Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

Nr. 749

16. október 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar fyrir samkomuhús á Garðaholti, Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 5. október 2000 deiliskipulag lóðar fyrir samkomuhús á Garðaholti í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 16. október 2000.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi Garðabæjar.